



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Engjaborg

2020 – 2021



Framtíðarsýn Skóla- og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Gildi leikskólans: Vellíðan – virðing – sköpun.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2.1 Innra mat Vesturengi.....	4
2.2 Innra mat Norðurengi.....	6
2.3 Innra mat Austurengi.....	8
2.4 Innra mat Suðurengi.....	10
3 Ytra mat.....	12
4 Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	13
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	13
5.1 Samstarf 2020 – 2021 Engjaskóli – Engjaborg - Brosbær.....	14
6 Foreldrasamvinna.....	15
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	16
8 Fylgigögn.....	16
8.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	16



Gildi leikskólans: Vellíðan – Virðing – Sköpun

1 Greinargerð leikskólastjóra

Það er ekki hægt að segja annað en að þetta leikskólaár sem nú er að líða hafi verið óvenjulegt. Eftir áramót hafði verkfall Eflingar starfsfólks og heimsfaraldur Covid19 mikil áhrif á alla starfsemi leikskólans. Í verkfallinu var Norðurengi alveg lokað, á Austurengi var börnunum skipt í 5 hópa og tveir hópar komu hvern dag en á Suðurengi og Vesturengi komu börnin annan hvern dag. Á meðan að takmörkun á skólastarfi var vegna Covid19 var börnum boðið að koma annan hvern dag í leikskólann nema 16 börnum sem eiga foreldra í framlínustarfi, þau komu þá daga sem foreldrar voru í vinnu. Foreldrar 16 barna ákváðu að halda börnum sínum heima á meðan að takmörkunin gildi af ýmsum ástæðum.

Áhrif covid á barnahópin voru bæði jákvæð og neikvæð. Barnahóparnir voru minni og því meira rými fyrir leik barnanna og minni hávaði, börn sem þurfa á stuðningi að halda fengu meiri tíma og verulega dróg úr veikindum bæði hjá börnum og starfsfólki. Skerða þurfti sjálfræði barna eins og aðgengi þeirra að mat og leikefni. Mikill tími starfsfólks fór í sóttthreinsun og öll samskipti foreldra við deildarstjóra og starfsfólk á deildum barnanna þurfti að fara fram í gegnum síma eða tölvupóst. Merkja mátti vanlíðan hjá nokkrum börnum þegar lítil rúttína var á mætingum.

Engjaborg var boðið að taka þátt í verkefni Skóla – og frístundasvið „Vellíðan á vinnustað“, á það verkefni meðal annars að vinna að því að fækka veikindafjarvistum og skerpa á hlutverki hvers starfsmanns. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sóttu fundi vegna þessa verkefnis og er nú meðal annars unnið að verklýsingum fyrir leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra og búið er að gera skipurit fyrir leikskólana og kynna fyrir starfsfólki. Vegna aðstæðna er erfitt að meta áhrif verkefnisins en merkja má minni skammtíma veikindafjarvistir en eins og margt annað hefur þetta verkefni tafist vegna covid en því verður framhaldið næsta vetur. Jafnhliða þessu verkefni var unnið að „Samskipastefnu Engjaborgar“ þar sem starfsfólk ákvað hvernig það vill hátt samskipum sín á milli en nú er unnið að innleiðingu.

Í samstarfi við leikskólana Funaborg, Hólaborg og Sunnufold voru unnin tvö myndbönd fyrir starfsfólk leikskóla til að kenna með myndum og texta grunnaðferðir leikskólastarfs. Myndböndin má sjá á menntastefnan.is. Vinna við næsta myndband er hafin og ráðgert er að gera eitt til viðbótar.

Áherslu næsta árs verða þær sömu og síðasta ár þar sem við getum enn dýpkað okkur, það er að huga sérstaklega að sjálfsefningu og þá sérstaklega að því að finna leiðir til að börn öðlist trú á eigin getu, að þau þekki styrkleika sína, læri að taka sjálfstæðar ákvarðanir og að lifa í sátt við sjálft sig og aðra. Farið verður yfir dagskipulagið með þetta í huga, flæðið þróað og áhersla á skráningar sem sýna styrkleika og áhugasvið barna. Endurskoða þarf „Skólanámskrá Engjaborgar“ og innleiða gildin í starfið.



2.1 Innra mat Vesturengi

Hvað var metið: **Aðgengi barna að Listengi**

Hvenær var metið: Vor 2020

Hvernig var metið: Á stjórnteymisfundum

Hverjir tóku þátt í matinu: Stjórnendateymi leikskólans

Helstu niðurstöður: Aðgengi barna að Listengi var ekki aukið markvist eftir áramót vegna verkfalls og Covid19, en starfsfólki finnst það eigi að vera oftari opið öllum á deildinni.

Umbætur: **Aðgengi barna að listsköpun verður aukið í flæði á næsta leikskólaári.**

Hvað var metið: **Sögugerð**

Hvenær var metið: Vor 2020

Hvernig var metið: Á deildarfundum og stjórnteymisfundum

Hverjir tóku þátt í matinu: Stjórnendateymi

Helstu niðurstöður: Verkefnið byrjaði á haustönn og komst vel á veg en vegna fjarveru deildarstjóra á vorönn var ekki unnið sérstaklega að sögugerð.

Umbætur: **Sögugerð verður sett inn flæði fyrir næsta leikskólaár.**

Hvað var metið: **Aðgengi að læsishvetjandi efni**

Hvenær var metið: Maí/júní 2020

Hvernig var metið: Deildarfundum og í samtali við börn

Hverjir tóku þátt í matinu: Deildarstarfsfólk og börn á deildinni

Helstu niðurstöður: Starfsfólk gerði málörvandi verkefni bæði í verkfalli og á meðan skertu leikskólastarf stóð vegna Covid. Almenn ánægja var með verkefni hjá starfsfólki og eru verkefni mikið notuð. Börnin voru ánægð með verkefnin en fannst vanta meira af „felumyndum“ og „orðskilningsverkefnum“.

Vegna verkfalls og Covid19 voru verkefnum ekki fylgt eftir eða metin sem skildi og því sum verkefnin sett aftur inn í umbótaáætlun fyrir næsta leikskólaár.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Menntastefna Reykjavíkurborgar	Að starfsfólk tileinki sér vinnuaðferðir sem ýta undir sjálfræði barna	Allir starfsmenn horfa á myndböndin og setji sér markmið og endurmeti reglulega	Deildarstjóri	Sept	Maí	Sjálfsmat starfsfólks í starfsmannasamtali við deildarstjóra og starfspróunarsamtali við leikskólastjóra	Að allar vísbendingar bendi til að starfsmenn hafi tileinkað sér aðferðir til sem efla sjálfræði barna
Flæði	Að boðið sé upp á fjölbreytt verkefni sem eru krefjandi og taka mið af þörfum hvers barns Að börnum finnist skemmtilegt í flæði	Að unnið sé markvíst að því að virkja allt starfsfólk í flæði, flæðistaflann sé notuð og starfsfólk ígrundi starfs sitt á eftir	Deildarstjóri	Sept	Des	Ígrundunarblað notað 1x í viku og til umræðna á deildarfundum. Samræður á starfsmannafundum. Teknar myndir af flæðisspjaldi 1x í viku (ábyrgð:KÓ) Ígrundunarhópur barna 1x í mánuði (Ábyrgð:BB)	Að allar vísbendingar bendi til að börnin fái fjölbreytt verkefni og að þau segi hvað þeim finnst áhugavert að gera
Val um útiveru	Börn velji hvenær þau fara út yfir daginn	Að boðið sé upp á útiveru í flæði	Deildarstjóri	Apríl	Maí	Teknar myndir af flæðisspjaldi 1x í viku (ábyrgð:KÓ) Ígrundunarhópur barna 1x (ábyrgð:BB)	Að boðið sé upp á útiveru í flæði í 90% tilfella
Sýnin á barnið	Að sjá styrkleika og áhugasvið allra barna	Að skráningar sýni styrkleika og áhugasvið barna Að flæðið endurspeglar styrkleika og áhugasvið allra barna	Deildarstjóri og allt starfsfólk	Sept	Maí	Ferilmöppur Flæðisspjald	Að öll börn þekki styrkleika sína og áhugasvið

2.2 Innra mat Norðurengi

Hvað var metið: **Aðgengi að efnivið**

Hvenær: Veturinn 2019-20

Hvernig var metið: Á deildarfundum og ígrundunarhópum barna

Hverjir tóku þátt í matinu: Börn og starfsfólk deildar

Helstu niðurstöður: Börnin höfðu góðan aðgang að efnivið á Listengi í vetur. Við vorum mikið á Listengi og börnin vöndust því að mega nota þann efnivið sem þau sáu í hillum og skápum þar. Börnin voru ánægð með að fá að ráða hvað þau notuðu í sína listsköpun og starfsfólk deildar tók eftir að börnin nýttu efniviðinn vel.

Hvað var metið: **Sögugerð**

Hvenær: Veturinn 2019-20

Hvernig var metið: Á deildarfundum og ígrundunarhópum barna

Hverjir tóku þátt í matinu: Börn og starfsfólk deildar

Helstu niðurstöður: Veturinn 2019-20 var áhersla lögð á að börnin tækju virkari þátt í samverustundunum. Börnin voru hvött til að segja frá og var vinnan með bangsann Blæ og vinnuspjöldin úr því verkefni sérstök hvatning til að börnin ræddu málín. Starfsfólk tók eftir framförum í framsögn.

Umbætur: **Að sögugerð verði sett inn í flæði.**

Hvað var metið: **Val um útiveru**

Hvenær: Veturinn 2019-20

Hvernig var metið: Á deildarfundum og ígrundunarhópum barna

Hverjir tóku þátt í matinu: Starfsfólk deildar

Helstu niðurstöður: Tókst því miður ekki að koma þessu á m.a.vegna verkfalls Eflingar og Covid-19

Umbætur: **Útivera verður sett inn í flæði**

Hvað var metið: **Sýnin á barnið**

Hvenær: Veturinn 2019-20

Hvernig var metið: Á deildarfundum og ígrundunarhópum barna

Hverjir tóku þátt í matinu: Starfsfólk deildar

Helstu niðurstöður: Starfsfólk gerði styrkleika skráningar fyrir öll börn á deildinni. Skráningarnar voru settar upp í hæð barnanna og voru þær svo ræddar við börnin. Börnin komu líka með eigið álit á styrkleikum sínum.

Umbætur: **Nota skráningarnar til að aðstoða börnin við að efla styrkleika þeirra.**

Hvað var metið: **Vináttufærni**

Hvenær: Veturinn 2019-20

Hvernig var metið: Á deildarfundum, á skráningarblaði og ígrundunarhópum barna

Hverjir tóku þátt í matinu: börn og starfsfólk deildar

Helstu niðurstöður: Verkefnaspjöld bangsans Blæs voru notuð vikulega í öllum samveruhópum veturinn 2019-20. Starfsfólk var sammála um að þetta vináttuverkefni hefur haft góð og jákvæð áhrif á börnin. Eldri hóparnir gátu tileinkað sér ýmislegt úr verkefninu en yngri minna. Þetta er verkefni sem síast smám saman inn og verður haldið áfram með það næsta vetur.

Vegna verkfalls og Covid19 voru verkefnum ekki fylgt eftir eða metin sem skildi og því sum verkefni sett aftur inn í umbótaáætlun fyrir næsta leikskólaár.

UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATSPÁTTU R	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Mennta stefna Reykjavíkur - borgar	Að starfsfólk tileinki sér vinnuaðferðir sem ýta undir sjálfræði barna	Allir starfsmenn horfa á myndböndin og setji sér markmið og endurmeti reglulega	Deildar- stjóri	Sept	Maí	Sjálfsmat starfsfólks í starfsmanna- samtali við deildarstjóra og starfsþróunarsamtali	Að allar vísbendingar bendi til að starfsmenn hafi tileinkað sér aðferðir til sem efla sjálfræði barna
Flæði	Að boðið sé upp á fjölbreytt verkefni sem eru krefjandi og taka mið af þörfum hvers barns Að börnum finnist skemmtilegt í flæði	Að unnið sé markvist að því að virkja allt starfsfólk í flæði, flæðistaflan sé notuð og starfsfólk ígrundi starfs sitt á eftir	Deildar- stjóri	Sept	Des	Ígrundunarblað notað 1x í viku og til umræðna á deildarfundum. Samræður á starfsmannafundum. Teknar myndir af flæðisspjaldi 1x í viku (ábyrgð:KÓ) Ígrundunarhópur barna 1x í mánuði (Ábyrgð:BB)	Að allar vísbendingar bendi til að börnin fái fjölbreytt verkefni og að þau segi hvað þeim finnst áhugavert að gera
Útivera	Börn velji hvenær þau fara út yfir daginn	Að boðið sé upp á útiveru í flæði	Deildar- stjóri	Apríl	Maí	Teknar myndir af flæðisspjaldi 1x í viku (ábyrgð:KÓ) Ígrundunarhópur barna 1x (ábyrgð:BB)	Að boðið sé upp á útiveru í flæði í 90% tilfella
Styrkleikar og áhugasvið barna	Að sjá styrkleika og áhugasvið allra barna	Að skráningar sýni styrkleika og áhugasvið barna Að flæðið endurspegli styrkleika og áhugasvið allra barna	Deildar- stjóri	Sept	Maí	Ferilmöppur Flæðisspjald	Að öll börn þekki styrkleika sína og áhugasvið



2.3 Innra mat Austurengi

Hvað var metið: **Vináttufærni**

Hvenær var metið: Vor 2020

Hvernig var metið: Stjórnteymisfundir

Hverjir tóku þátt í matinu: Stjórnendateymi

Helstu niðurstöður: Deildarstjóri fór á námskeið en ekki náðist að innleiða verkefnið

Umbætur: **Vínastund verður einu sinni í viku næsta leikskólaár**

Hvað var metið: **Val um útiveru**

Hvenær var metið: Vor 2020

Hvernig var metið: Á deildarfundum

Hverjir tóku þátt í matinu: Starfsfólk deildar

Helstu niðurstöður: Fyrripart veturs fóru börnin út í tveimur hópum, þau völdu sjálf fyrir samverustund. Annar hópurinn fór fyrir hádegi og hinn eftir hádegi, seinniþannig leikskólaársins breyttust forsendur þegar allir þurftu að fara út í lok dags. Þetta reyndist bæði börnum og starfsfólki vel, meira svæði inn fyrir þá sem inni voru og þau sem vildu hreyfa sig komust út.

Hvað var metið: **Aðgengi að textílvinnu**

Hvenær var metið: Vor 2020

Hvernig var metið: Stjórnteymisfundir

Hverjir tóku þátt í matinu: Stjórnendateymi

Helstu niðurstöður: Aðgengi að textílvinnu hefur ekki aukist þetta leikskólaár sem er að líða.

Umbætur: **Textílvinnan verður sett í flæði fyrir næsta leikskólaár**

Vegna verkfalls og Covid19 voru verkefnum ekki fylgt eftir eða metin sem skildi og því sum verkefni sett aftur inn í umbótaáætlun fyrir næsta leikskólaár.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Menntastefna Reykjavíkur- borgar	Að starfsfólk tileinki sér vinnuaðferðir sem ýta undir sjálfræði barna	Allir starfsmenn horfa á myndböndin og setji sér markmið og endurmeti reglulega	Deildarstjóri	Sept	Maí	Sjálfsmat starfsfólks í starfsmanna-samtali við deildarstjóra og starfsþróunarsamtali	Að allar vísbendingar bendi til að starfsmenn hafi tileinkað sér aðferðir til sem efla sjálfræði barna
Flæði	Að börnin læri smám saman að taka þátt í flæði Að börnin fái verkefni við hæfi í flæði	Að metið verði á deildarfundum hvaða börn hafi áhuga á því að taka þátt í flæði og gert skipulaga fram að næsta fundi	Deildarstjóri	Sept	Maí	Deildarfundir Skráningar Flæðisspjald	Að þau börn sem hafa áhuga fái tækifæri til þátttöku
Sýnin á barnið	Að starfsfólk sjái styrkleika og áhugasvið barnanna og vinni út frá þeim	Að skráningar sýni styrkleika og áhugasvið barna Að flæðið endurspegli styrkleika og áhugasvið allra barna	Deildarstjóri og allt starfsfólk	Sept	Maí	Ferilmöppur Foreldrasamtöl Flæðisspjald	Að allir foreldrar þekki styrkleika barna sinna
Blær	Nota vináttu verkefni Blær	Vinastund einu sinni í viku	Deildarstjóri	Sept	Maí	Skráningarblað	Vinastund fari fram í 80% tilfella



2.4 Innra mat Suðurengi

Hvað var metið: **Borðhald**

Hvenær var metið: Des 2019

Hvernig var metið: Listi

Hverjir tóku þátt í matinu: Allt starfsfólk

Helstu niðurstöður: Öll börn sýndu vilja til að borða sjálf.

Hvað var metið: **Flæði**

Hvenær var metið: Vor 2020

Hvernig var metið: Deildarfundir, skráningar, ferilmöppur

Hverjir tóku þátt í matinu: Starfsfólk deildar

Helstu niðurstöður: Ef því sem á leið tóku elstu börnin þátt í flæði með eldri deildum. Í ferilmöppum má sjá styrkleika barna og áhugasvið.

Umbætur: **Flæði verður áfram á deildinni og það fer eftir barnahópi næsta veturs hversu fljótt hægt verður að taka þátt í flæði hússins.**

Hvað var metið: **Læsi**

Hvenær var metið: vor 2020

Hvernig var metið: Skráningarblað

Hverjir tóku þátt í matinu: Starfsfólk deildar

Helstu niðurstöður: Deildarstjóri var með "Sögustund með brúðum" einu sinni í viku.

Umbætur: **Allt starfsfólk taki þátt.**

Hvað var metið: **Könnunarleikur**

Hvenær var metið: Eftir áramót

Hvernig var metið: Skráningarblað og ferilmöppur

Hverjir tóku þátt í matinu: Deildarstjóri

Helstu niðurstöður: Börnum fannst gaman í könnunarleiknum sem deildarstjóri var með 2x í viku eftir áramót.

Umbætur: **Að allt starfsfólk taki þátt.**

Hvað var metið: **Vináttuverkefni**

Hvenær var metið: Vor 2020

Hvernig var metið: Stjórnteymisfundur

Hverjir tóku þátt í matinu: Stjórnendateyma

Helstu niðurstöður: Deildarstjóri fór á námskeið en enn á eftir að innleiða.

Umbætur: **Verkefnið verður innleitt frá október 2020**

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Mennta stefna Reykjavíkur - borgar	Að starfsfólk tileinki sér vinnuaðferðir sem ýta undir sjálfræði barna	Allir starfsmenn horfa á myndböndin og setji sér markmið og endurmeti reglulega	Deildar stjóri	Sep t	Maí	Sjálfsmat starfsfólks í starfsmanna- samtali við deildarstjóra og starfsþróunarsa- mtali	Að allar vísbendingar bendi til að starfsmen- n hafi tileinkað sér aðferðir til sem efla sjálfræði barna
Hreyfing	Meiri þátttöku barna í samverustun- d	Að nota fleiri hreyfisöngvar og hreyfileikir í samverustun- dum	Deildar stjóri	Jan	Mar s	Söngmappa deildar Skráningarlisti	Hreyfisöng- var og hreyfileiku- r er notað á hverjum degi
Vináttu verkefni	Innleiða "Vináttuverke- fnið Blæ"	Vináttustund verður aðra hverja viku frá október	Deildar stjóri	Jan	Mar s	Skráningarblað	Að vináttustu- nd sé aðra hverja viku.
Könnunar- leikur og efling orðaforða	Að allt starfsfólk upplifi sig öruggt þegar það sér um könnunarleik og "sögustund með brúðum"	Gert verður plan þar sem stundunum verður skipt á milli starfsfólks	Deildar stjóri	Okt	Des	Deildarfundir Skráningarblað	Að allar vísbendingar bendi til þess að starfsfólki upplifi sig öruggt.



3 Ytra mat

Gerð var starfsmannakönnun daganna 28. janúar - 26. febrúar 2020. Undir 50% starfsmanna tók þátt í könnunni, hún var gerð á verkfallstímum og leikskólastjóri lagði því ekki áherslu á þátttöku starfsfólks.

Helstu niðurstöður eru að töluverð hækkun var á öllum lykilþáttum könnunarinnar, þá var meðaltalsskor allra þátt árið 2020 4,60 en það var 4,24 árið 2019. Ánægjulegasta hækkunin er að „Starfsánægja“ hækkar úr 4.21 árið 2019 í 4,81 árið 2020. Allir þættir eru grænir nema „Vinnuálag“ en þar er meðalskor 3.75 og er það gult.

Í starfsáætlun Engjaborgar fyrir síðasta leikskólaár voru markmiðin tvö. Annars vegar að stefna Engjaborgar yrði starfsfólki skýr og aðgengileg öllu starfsfólki og að starfsfólk upplifi að það hafi stjórn á álagi í starfi.

Niðurstöður úr þessum þáttum voru;

Stefna og uppeldisáherslur: Markmiðið var að “Fræðslu og þjálfum” færi upp í 4,2 í starfsmannakönnunni 2020 og í “Markmið og árangur” yrði niðurstaðan 4,7. Niðurstaða úr könnun var sú að í „Fræðslu og þjálfun“ var skorið 4,81 og í „Markmið og árangur“ var skorið 5.0.

Álag í vinnu: Markmiðið var að í “Hæfilegt vinnuálag” yrði 3,90 en skorið var 3,75. Ekki náðist að vinna að þeim aðgerðum sem ákveðið hafið verið og verða þær því setta aftur sem umbætur fyrir næsta leikskólaár.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Álag í vinnu	Að starfsfólk upplifi að það hafi stjórn á álagi í starfi.	Farið verður yfir dagskipulagið og skoðaðir álagsþættir í starfinu.	Stjórnendateymi leikskólans	Sept	Maí	Starfsmannakönnun	Hæfilegt vinnuálag 3,90

4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Stjórnteymisfundir eru einu sinni í viku þar fer fram stefnumótun og skipulagning starfsins.

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri hittast einu sinni í viku, þar eru málefni leikskólans rædd og þeir skipta með sér verkum.

Deildarfundir eru hverja viku þar eru málefni deilda rædd og þar fer fram skipulagning á starfi hennar.

Leikskólastjóri og hver og einn deildarstjóri eru með samtal 1x í mánuði þar sem málefni deildar eru rædd, deildarstjórar koma með málefni.

Deildarstjórar eru með starfsmannasamtöl 1x á önn og aukalega þegar þurfa þykir, deildarstjóri og starfsmaður geta báðir beðið um auka samtal.

Starfsþróunarsamtöl eru í mars/apríl og er það leikskólastjóri sem tekur þau.

Gerð verða teymi fyrir ákveðna þætti starfsins. Í upphafi vetrar setja teymin sér markmið sem þau vinna að jafnt og þétt yfir veturinn, þau hittast reglulega á stuttum fundum og ákveða áherslur næstu vikna, allir starfsmenn leikskólans eru í minnst einu teymi og öllum teyimum verður stjórnað af einum úr stjórnendateymi leikskólans. Hugmyndir af teyimum eru; matsteymi, flæðisteymi, skráningarteymi, sköpunarteymi, útiveruteymi og hegðunarteymi.

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf Engjaskóla, Brosbæjar og Engjaborgar miðar að því að auðvelda börnunum flutning af einu skólastigi yfir á annað. Elstu börnin í Engjaborg eru flest væntanlegir nemendur Engjaskóla og því mikilvægt að þau fái tækifæri til að kynnast starfinu í grunnskólanum og aðstæðum í frístundarheimili Brosbæ.

Samstarf skólastiganna snýr einnig að samstarfi starfsfólks/kennara skólanna. Styrkurinn felst í að við öðlumst þekkingu á störfum hvers annars, getum miðlað okkar á milli og lært hvert af öðru.



6 Samstarf Engjaskóli – Engjaborg – Brosbær 2020 – 2021

Dagsetning og tími 2018	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
19. ágúst kl. 9.00	Farið yfir niðurstöður úr Hljóm-2 og umsögn með hverju barni.	Engjaskóli	Kennarar beggja skólastiga og forstöðumenn í frístund
10. sept. kl. 14.00	Fundur kennara leik- og grunnskóla. Farið yfir áætlun og samstarf skólastiganna.	Engjaskóli - bókasafn	Kennarar beggja skólastiga og stjórnendur.
10. okt. kl. 8.30-9.40	Stafainnlögn, nesti. Leikskólabörn í tveimur hópum fara í kennslustund hjá 1. bekk.	Engjaskóli stofa 11 og 12	Umsjónarkennarar ¹ . bekkjar sjá um skipulag heimsóknarinnar.
16. nóv. kl. 10.00	5. bekkur í Engjaskóla les fyrir börnin í Engjaborg í tilefni af degi íslenskrar tungu. Nokkur börn mæta í einu.	Engjaborg	Stjórnendur og umsjónarkennara í 7. og 5. bekk.
10. nóv. kl. 10.00	Fyrsti bekkur heimsækir leikskólann	Engjaborg	Deildarstjórar elstu barna sjá um skipulag heimsóknarinnar.
20. nóv. kl. 9.00-10.00	Heimsókn elstu barna leikskólanna í skólann. Stjórnendur taka á móti þeim og sýna skólann. Hittast niðri við salinn.	Engjaskóli	Stjórnendur, Engjaskóla hafa samband við leikskólana
11. des. kl. 9.00	Nemendur fyrsta bekkjar og leikskólabörnin hittast í Engjaskóla. Jólalögin sungin. Heitt súkkulaði í boði grunnskólans og piparkökur í boði leikskólanna.	Engjaskóli	Kennarar beggja skólastiga.
14. des. kl. 9.00	Börnin í 5. bekk lesa upp jólakveðjur í leikskólunum frá grunnskólabörnunum í Engjaskóla.	Engjaborg	5. bekkja kennari í samráði við deildarstjóra elstu barna.
27. nóv. kl. 10.00-11.00	Kynning á starfi og reglum.	Brosbær	Deildarstjórar elstu barna og forstöðumenn frístundaheimilanna.
16. jan. kl. 12:15-13:30	Leikskólabörn koma í heimsókn í skólann og nemendur hafa það gaman saman	Engjaskóli	Kennarar beggja skólastiga.
Skipulagt af fagstjóra grunnskólans	Leikskólabörnum boðið í íþróttir, smíði, heimilisfræði, textílmennt og myndmennt í bekk Engjaskóla. Börnin fara í	Engjaskóli	Kennarar beggja skólastiga.



	hópum. Ákveðið þegar nær dregur.		
21. apríl kl. 8:30-9:40	Stafainnlögn, nesti. Leikskólabörn í tveimur hópum fara í kennslustund hjá 1. bekk	Engjaskóli stofa 11 og 12	Umsjónarkennarar 1. bekkjar sjá um skipulag heimsóknarinnar.
14.maí Kl 15:00	Vorskólaheimsóknir elstu barna og foreldra í Engjaskóla á vegum grunnskólans. <u>Foreldrar fara með sínu barni</u>	Engjaskóli	Skólastjórnendur grunnskóla
Maí	Æfingar elstu barna leikskólans fyrir útskrift/kveðjustund fara fram í Engjaskóla	Engjaskóli	Deildarstjórar sjá um að bóka sali hjá skrifstofustjórum grunnskólans.
21. maí kl. 9:00	Elstu börn Engjaborgar bjóða 1. bekk á generalprufu útskriftar/kveðjustundar.	Engjaskóli	Deildarstjóri sér um að bóka sal hjá Ásu
29. maí kl. 17:30	Útskrift/kveðjustund. Elstu börn leikskólans bjóða foreldrum og gestum í sal Engjaskóla. Söngur og fleira skemmtilegt. Eftir það er komið saman á Engjaborg notið veitinga og spjallað.	Engjaskóli og Engjaborg	Deildarstjóri sér um að bóka sal hjá Ásu
12. mars kl. 13:00-14:00 (óstaðfest) 7. maí kl. 14:00-15:00	Tvær heimsóknir í Brosbær. Fyrri heimsókn, kynning á starfi og reglum. Seinni heimsókn, þátttaka í starfi frístundaheimilanna.	Brosbær	Deildarstjórar elstu barna og forstöðumenn frístundaheimilanna
18.júní Kl. 10:00	Farið yfir síðustu samstarfsáætlun og drög unnin að næstu áætlun.	Engjaskóli	Stjórnendur beggja skólastiga. Deildarstjórar

7 Foreldrasamvinna

Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári, í kringum afmælisdag barnsins og sex mánuðum seinna.

Afmælissamtalið er í leikskólanum en það seinna fer fram símleiðis nema aðrar óskir koma fram. Auk þessa geta foreldrar alltaf beðið deildarstjóra, sérkennslustjóra og leikskólastjóra um samtal.

Foreldrum er boðið að taka þátt í viðburðum eins og stráka – og stelpukaffi og sumarhátíð.

Starfandi er foreldrafélag sem styður við starf leikskólans og sér um ýmsa viðburði.

Kosið er í foreldraráð í upphafi leikskólaársins, leikskólastjóri starfar með foreldraráðinu.

Foreldraráðið gefur umsagnir um áætlanir leikskólans og fylgist með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans. Foreldraráðið hefur einnig umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar innan leikskólans.

8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

9. sept.	Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar fyrir starfsfólk. Myndbönd
5. okt.	Skyndihjálpi - Myndbönd (sami dagur og Engjaskóli)
18. nóv.	Skráningar - Myndbönd (sami dagur og Engjaskóli)
5. feb.	Mál er máttur og hvernig á að lesa fyrir börn - Myndbönd (sami dagur og Engjaskóli)
12. mars	Ráðstefna Engjaborg – Funaborg - Hólaborg - Sunnufold
10. maí	Ráðstefna í Hörpu (sami dagur og Engjaskóli)

9 Fylgigögn

9.1 Leikskóladagatal

9.2 Matsáætlun 2020-2021

9.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. Engjaborgar

Pála Pálsdóttir

26. júní 2020

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2020 – 2021 Engjaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Anna Ágútsdóttir
Helga Margrét Clarke
Hildur Ólafsdóttir
Sara Sigurjónsdóttir
Sveinn Júlían Sveinsson



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð leikskólans Engjaborgar hefur yfirfarið starfsáætlun leikskólans fyrir starfsárið 2020 – 2021. Er það mat ráðsins að starfsáætlun sé í anda þeirra viðmiða sem skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar setur leikskólum borgarinnar og að fjallað sé um öll þau atriði sem kveðið er á um í aðalnámskrá Reykjavíkurborgar fyrir leikskóla.

Leikskólaráðið sem nú er að líða var mjög óvenjulegt með verkfalli starfsmanna Eflingar og eins COVID19 faraldursins. Mikið hefur reynt á stjórnendur og starfsmenn Engjaborgar sem hafa að mati foreldraráðs staðið sig afskaplega vel, bæði hvað varðar upplýsingamiðlun til foreldra og eins útsjónarsemi starfsmanna varðandi ráðstafanir þegar COVID19 faraldurinn stóð sem hæst.

Starfsmenn Engjaborgar eru metnaðarfullir og bera mikla umhyggju fyrir börnunum, vel er tekið á móti börnunum við komu á morgnana og þeim fylgt yfir á sína deild og eins eru þau kvödd í lok dags. Starfsfólk gefur sér einnig góðan tíma til þess að tala við foreldra þegar komið er með börnin í skólann eða þau sótt sem veitir okkur foreldrum mikið öryggi. Mikilvægt er þó að fjölga menntuðum leikskólakennurum, en mönnunarvandi leikskóla er útbreitt vandamál sem einskorðast ekki við Engjaborg og stjórnendur innan leikskólans og er foreldraráð vel meðvitað um það.

Innra mat leikskólans er ítarlegt. Umbótaáætlanir eru gerðar fyrir hverja deild fyrir sig, sem er mjög jákvætt og mikilvægt. Sökum aðstæðna í samfélaginu gengu áætlanir fyrir líðandi leikskólaár ekki allar eftir sem eðlilegt þykir. Umbótaáætlanir fyrir næsta leikskólaár bera merki um faglegt og metnaðarfullt starf.

Innleiðing á Völu hefur aukið tengingu foreldra við starf leikskólans, reglulegar myndbirtingar, tilkynningar og eins yfirlit um viðveru barnanna. Foreldraráð hefði áhuga á að svefntími (lengd svefns) og matmálstímar (hversu vel barnið borðaði) kæmu inn í Völu ef mögulegt er. Eins er ósk foreldraráðs að viðburðir dagsins væru inni í Völu eða á töflu, því gaman er að ræða atburði dagsins og fá þannig innsýn inn í það sem barnið hefur verið að fást við yfir daginn.

Sökum aðstæðna í samfélaginu gáfust foreldrum ekki sömu tækifæri til að koma og kynnast starfinu í Engjaborg eins og fyrri ár en vonandi verða aðstæður á næsta leikskólaári hagstæðari og þátttaka foreldra því meiri í starfi leikskólans.

Foreldraráð telur leikskólann Engjaborg heilt yfir vel rekinn og faglega staðið að öllu starfi og horfir jákvæðum augum til næsta leikskólaárs.

Reykjavík, 7. júlí 2020

Foreldraráð Engjaborgar,
Helga Margrét Clarke
Anna Ágústsdóttir
Hildur Ólafsdóttir
Sara Sigurjónsdóttir
Sveinn Júlían Sveinsson





Matsáætlun 2020-2021

Innra mat snýst um að leikskólasamfélagið læri saman, hampi því sem vel er gert og vinni saman að umbótum. Við viljum vita hversu vel stöndum við okkur? Hvernig vitum við það? Hverjir eru okkar styrkleikar og hvaða þætti þurfum við að bæta? Hvað þurfum við að gera til að verða enn betri?

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið um árangur	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðili
Flæði	Að boðið sé upp á fjölbreytt viðfangsefni sem eru krefjandi og tekur mið af færni hvers barns. Að börnunum finnist skemmtilegt í flæði.	Að allar vísbendingar bendi til að börnin fái að velja hvað þau gera í flæði og finnist það áhugavert.	Teknar myndir af flæðisspjaldi einu sinni í viku KÓ Ígrundunarhópar barna 1x í mánuði BB Flæðisblað starfsfólks Deildarstjórar	Sept – des	Deildarstjórar og matsteymi

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið um árangur	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðili
Fataherbergi	Að börnin séu hvött til sjálfshjálpar, til að klæða sig og ganga frá eftir sig sjálf.	Að börn séu hvött til sjálfshjálpar í 80% tilfella	Gátlistar	Sept, nóv, feb og mars 3x í viku PP og BB	Matsteymi

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið um árangur	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðili
Dagskipulagið	Að dagskipulagið veiti svigrúm og mæti þörfum allra barna.	Að starfsfólk þekki hlutverk sitt innan dagskipulagsins	Viðtöl við börn Deildarfundir Ígrundunarhópur starfsfólks	Mars Apríl Maí	Deildarstjórar og matsteymi

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla: Engjaborg

ÁGÚST -		SEP- Persónur/líkami		OKT-Náttúra/umhverfi		NÓV-Dýr		DES - Jól		JAN - Ljós og skuggar		FEB- Tími/tölur/stærðir		MARS-form og mynstur		APRÍL - Afstöður		MAÍ - Andstæður		JÚNÍ - Tilfinningar		JÚLÍ - sumar og sól	
1 L		1 Þ		1 F		1 S		1 Þ	Fullveldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 M	Stjórnteymisfundur	1 M	Stjórnteymisfundur	1 F	Skírdagur	1 L	Verkalýðsdagurinn	1 Þ		1 F	
2 S	Fridagur verslunarmanna	2 M		2 F	Mennatakvikla	2 M	Stjórnteymisfundur	2 M		2 L		2 Þ		2 Þ		2 F	Föstudagurinn langi	2 S		2 M		2 F	
3 M		3 F		3 L		3 Þ		3 F	Jólaakaffi foreldra	3 S		3 M		3 M		3 L		3 M	Stjórnteymisfundur	3 F		3 L	
4 Þ	Lokað	4 F	??	4 S		4 M		4 F	Dótad/Jólagleði starfsf.	4 M	Stjórnteymisfundur	4 F		4 F		4 S	Páskadagur	4 Þ		4 F	Vinafundur V&N	4 S	
5 M	Lokað	5 L		5 M	Starfsdagur	5 F		5 L		5 Þ		5 F	Starfsdagur	5 F	Rugldagur	5 M	Annar í páskum	5 M		5 L		5 M	
6 F	opið á Engjaborg	6 S		6 Þ		6 F	Vinafundur V&N	6 S		6 M	prettándinn	6 L	Dagur leikskólans	6 L		6 Þ		6 F		6 S	Sjómannadagurinn	6 Þ	
7 F		7 M	Stjórnteymisfundur	7 M		7 L		7 M	Stjórnteymisfundur	7 F		7 S		7 S		7 M		7 F	Vinafundur V&N	7 M	Stjórnteymisfundur	7 M	
8 L		8 Þ	Dagur læsis	8 F		8 S	Baráttudagur gegn einelti	8 Þ		8 F	Vasaljósadagur	8 M	Stjórnteymisfundur	8 M	Stjórnteymisfundur	8 F		8 L		8 Þ		8 F	
9 S		9 M	Starfsdagur	9 F	Vinafundur N&V	9 M	Stjórnteymisfundur	9 M		9 L		9 Þ		9 Þ		9 F	Íþróttadagur	9 S		9 M		9 F	
10 M	Stjórnteymisfundur	10 F		10 L		10 Þ		10 F		10 S		10 M		10 M		10 L		10 M	Starfsdagur	10 F		10 L	
11 Þ		11 F	Vinafundur N&V	11 S		11 M		11 F	Jólaball	11 M	Stjórnteymisfundur	11 F		11 F		11 S		11 Þ		11 F		11 S	
12 M		12 L		12 M	Stjórnteymisfundur	12 F		12 L		12 Þ		12 F	Vinafundur S&A	12 F	Starfsdagur	12 M	Stjórnteymisfundur	12 M		12 L		12 M	
13 F		13 S		13 Þ		13 F		13 S		13 M		13 L		13 L		13 Þ		13 F	Uppstigningardagur	13 S		13 Þ	
14 F	Boltadagur	14 M	Stjórnteymisfundur	14 M		14 L		14 M	Stjórnteymisfundur	14 F		14 S		14 S		14 M		14 F		14 M	Stjórnteymisfundur	14 M	
15 L		15 Þ		15 F		15 S		15 Þ		15 F	Vinafundur A&S	15 M	Bolludagur/Stj.t.fund	15 M	Stjórnteymisfundur	15 F		15 L		15 Þ		15 F	
16 S		16 M	Dagur ísl. náttúru	16 F	Bleikur dagur	16 M	stj.teym.fun/D.ísl.tungu	16 M		16 L		16 Þ	Sprengidagur	16 Þ		16 F	Vinafundur A&S	16 S		16 M	Sumarhátíð	16 F	
17 M	Stjórnteymisfundur	17 F		17 L		17 Þ		17 F		17 S		17 M	Öskudagur	17 M		17 L		17 M	Stjórnteymisfundur	17 F	Lýðveldisdagurinn	17 L	
18 Þ		18 F		18 S		18 M	Starfsdagur	18 F	Vinafundur V&N	18 M	Stjórnteymisfundur	18 F		18 F		18 S		18 Þ		18 F		18 S	
19 M		19 L		19 M	Stjórnteymisfundur	19 F		19 L		19 Þ		19 F	Stelpukaffi	19 F	Dótadagur	19 M	Stjórnteymisfundur	19 M		19 L		19 M	
20 F		20 S		20 Þ		20 F	Vinafundur A&S/Vinadagur	20 S		20 M		20 L		20 L		20 Þ		20 F		20 S		20 Þ	
21 F	Dótadagur	21 M	Stjórnteymisfundur	21 M		21 L		21 M	Stjórnteymisfundur	21 F		21 S	Konudagur	21 S		21 M		21 F	Vinafundur S&A	21 M	Stjórnnt.fun/Vatnavika	21 M	
22 L		22 Þ		22 F		22 S		22 Þ		22 F	Bóndad/Strákakaffi	22 M	Stjórnteymisfundur	22 M	Stjórnteymisfundur	22 F	Sumardagurinn fyrsti	22 L		22 Þ	Vatnavika	22 F	
23 S		23 M		23 F	Vinafundur A&S	23 M	Stjórnteymisfundur	23 M	Þorláksmessa	23 L		23 Þ		23 Þ		23 F		23 S	Hvítasunnudagur	23 M	Vatnavika	23 F	
24 M	Stjórnteymisfundur	24 F		24 L	Fyrsti vetrardagur	24 Þ		24 F	Aðfangadagur jóla	24 S		24 M		24 M		24 L		24 M	Annar í Hvítasunnu	24 F	Vatnavika	24 L	
25 Þ		25 F	Vinafundur A&S	25 S		25 M		25 F	Jóladagur	25 M	Stjórnteymisfundur	25 F	Röndóttur dagur	25 F		25 S		25 Þ		25 F	Vatnavika	25 S	
26 M		26 L	Evrópski tungumáladagurinn	26 M		26 F		26 L	Annar í jólum	26 Þ		26 F		26 F	Gulur dagur	26 M		26 M		26 L		26 M	
27 F		27 S		27 Þ	Bangsadagurinn	27 F		27 S		27 M		27 L		27 L		27 Þ		27 F		27 S		27 Þ	
28 F	Vinafundur A&S	28 M		28 M		28 L		28 M		28 F		28 S		28 S	Pálmásunnudagur	28 M		28 F		28 M		28 M	
29 L		29 Þ		29 F		29 S		29 Þ		29 F	Vinafundur N&V			29 M		29 F		29 L		29 Þ		29 Þ	
30 S		30 M		30 F	Íþróttadagur	30 M		30 M		30 L				30 Þ		30 F	Ball	30 S		30 M		30 M	
31 M	Stjórnteymisfundur			31 L				31 F	Gamlársdagur	31 S				31 M				31 M					